



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 26. NÓVEMBER 2010

FJÁRLAGA FRUMVARPIÐ 2011

- NIÐURSKURÐUR AÐ NAFNINU TIL

... áherslu átti nú að leggja á niðurskurð opinberra útgjalda ...

Fjárlög næsta árs litu dagsins ljós við upphaf þings í byrjun október. Frumvarpið endurspeglar erfiða stöðu ríkissjóðs og var það boðað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Áherslu átti nú að leggja á niðurskurð opinberra útgjalda, enda enn umtalsverður halli á ríkisrekstrinum og það þrátt fyrir tilkomu nýrra skatta og verulegra skattahækkana. Miðað við lýsingar fjármálaráðherra á fjárlagafrumvarpinu virðist sem svo sé raunin, en frumvarpið gerir í það heila ráð fyrir beinum aðgerðum til að bæta afkomu ríkissjóðs frá því sem ella hefðu orðið um 43 milljarða króna.

... útgjöldum ríkissjóðs var leyft að vaxa nær hömlulaust undanfarin ár ...

Óþarft er að fjölyrða um mikilvægi þess að taka verulega til í ríkisbúskapnum eigi markmið um sjálfbærna ríkissjóð að nást í samræmi við áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Róa þarf öllum árum að því að þetta markmið náist enda meginforsenda þess að gjaldeyrishöftum verði aflétt og hagkerfinu aftur stýrt á rétta braut. Þessi vegferð verður nú að markast öðru fremur af niðurskurði opinberra útgjalda. Útgjöldum ríkissjóðs var leyft að vaxa nær hömlulaust undanfarin ár án þess að grundvöllur væri fyrir til lengri tíma. Þá hafa stjórnvöld með nýjum álögum gengið langt í að þurrausa tekjumöguleika. Þetta má sjá af samdrætti í nær öllum skattstofnum umfram áætlanir og þeim fjármagns- og fyrirtækjaflóttu sem æ meira hefur orðið vart við undanfarið. Verði haldið áfram á sömu braut er hætt við vítahring skattahækkana til að bæta upp fyrir minnkandi skattstofna og samsvarandi dræmum vaxtarhorfum hagkerfisins.

... þeir sem þola samdrátt fjárheimilda eru skiljanlega ósáttir enda sneitt að hagsmunum þeirra ...

Niðurskurður er hins vegar ekki auðveldur í framkvæmd, líkt og komið hefur á daginn. Þeir sem þurfa að þola samdrátt fjárheimilda eru skiljanlega ósáttir við sitt hlutskipti, enda sneitt að hagsmunum þeirra með einum eða öðrum hætti. Slíkum viðbrögðum verða stjórnvöld að mæta málefnalega og af festu án þess þó að missa sjónar á þeim heildarhagsmunum sem í húfi eru. Efnahagslegan stöðugleika verður að setja í forgrunn. Á það sérstaklega við nú þegar veigamiklar forsendur fjárlaga, á borð við hagvaxtarspár, eru að miklu leyti brostnar. Að óbreyttu þyrfti því frekar að ganga lengra í niðurskurði en upphaflega var áætlað. Auknar eða óbreyttar fjárheimildir á einum stað kalla því á mun takmarkaðri fjárheimildir annars staðar í ríkisrekstrinum.

... enn er svigrúm til niðurskurðar í mörgum útgjaldaflokkum ...

Þar hjálpar til að enn er svigrúm til niðurskurðar í mörgum útgjaldaflokkum ríkissjóðs. Furðu vekur að það svigrúm hafi ekki verið nýtt frekar í fjárlagafrumvarpinu. Í stað þess að laga útgjöld ríkissjóðs frekar að tekjum eru stórir útgjaldaliðir látnir nær óhreyfðir og ekki nægilega leitast við að endurskilgreina þjónustuframboð hins opinbera. Þó ákveðnir útgjaldaliðir lækki sannarlega þá má færa fyrir því góð rök, sé lítið á útgjaldavöxt síðustu ára og heildarumfang rekstrarvanda ríkissjóðs, að niðurskurður næsta árs sé ekki eins verulegur og látið er í veðri vaka. Þá virðist sem að fram til þessa hafi aðlögun ríkisrekstrarins grundvallast að miklu leyti á þremur þáttum: aukinni tekjuöflun í gegnum skattkerfið, frestun útgjalda og nýtingu uppsafnaðra fjárheimilda. Horft fram á veginn þá er hins vegar óhjákvæmilegt, á meðan lítið er gert til að stuðla að vexti hagkerfisins með hagfelldu umhverfi til fjárfestinga og atvinnurekstrar, að beita verður niðurskurðarhnífnum frekar en nú er gert.

FRÁ ÞVÍ SEM ELLA HEFÐI ORÐIÐ

... rúma 10 milljarða á að sækja með aukinni skattlagningu ...

Frumvarp til fjárlaga næsta árs miðar að því að bæta afkomu ríkissjóðs um tæpa 43 milljarða. Rúma 10 milljarða á að sækja með aukinni skattlagningu og 33 með aðgerðum á útgjaldahliðinni. Ef marka má ummæli ráðamanna að undanförunu og viðbrögð við frumvarpinu virðast þær aðhaldsaðgerðir hafa falið í sér harkalega forgangsroðun í ríkisrekstrinum.

Þegar rýnt er í greinargerð fjárlagafrumvarpsins má hinsvegar sjá að hin eiginlega rekstrartiltekt felur aðeins í sér u.þ.b. 13 milljarða fyrir árið 2011. Það bætist við þá 14 milljarða sem teknir voru af rekstrinum í ár og 13 milljarða árið 2009. Í það heila hafa því aðhaldsaðgerðir í raunverulegum rekstri ríkissjóðs numið 40 milljörðum á tímabilinu eða sem nemur um 2,5% af samþykktum útgjöldum skv. fjárlögum yfir sama tímabil, sem hljóða uppá 1.630 milljarða. Meginþorri aðgerða á útgjaldahlið á sama tímabili, eða rúmlega 100 milljarðar, hefur þannig falið í sér að mestu að fallið hefur verið frá tilteknum útgjöldum og tekið fyrir aukningu annarra liða.

... fjárlög þessa árs gerðu ráð fyrir því að skattar myndu aukast um 63 milljarða ...

Til samanburðar þá gerðu fjárlög 2010 ráð fyrir því að skattar myndu aukast um 63 milljarða samanborið við fjárlögin 2009 og fjárlög næsta árs gera ráð fyrir rúmlega 10 milljarða auka tekjuöflun í gegnum skattkerfið. Þetta er til viðbótar við u.þ.b. 20 milljarða skattheimtu sem ráðist var í um mitt ár 2009. Heildaráhrif allra tekjuaðgerða eru, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, metin um 174 milljarðar yfir tímabilið eða sem nemur ríflega fjórföldum niðurskurði í grunnrekstri ríkissjóðs. Gífuryrði um aðför að ríkisrekstrinum í heild sinni eru því orðum aukin.

... slík aðferðarfræði mun ekki nægja til að tryggja sjálfbærni ríkissjóðs ...

Að því sögðu er þó rétt að halda því til haga að tilteknir útgjaldaliðir hafa þurft að þola raunverulegan og sársaukafullan niðurskurð fjárheimilda, líkt og stefnir nú í með heilbrigðisþjónustu víða á landsbyggðinni. Þar má jafnframt nefna Landspítalann, en viðsnúningur í rekstri hans er líklega besta dæmið um vel heppnaðar aðgerðir í aðlögun að þrengri stöðu hins opinbera. Árangurinn fram til þessa, þegar ríkisreksturinn er skoðaður í heild sinni, virðist þó um of hafa byggt á frestun útgjalda. Færa má fyrir því gild rök að slík aðferðarfræði muni ekki nægja til að tryggja sjálfbærni ríkissjóðs til lengri tíma. Vandinn er einfaldlega af þeirri stærðargráðu að reksturinn sjálfan þarf að laga að breyttum aðstæðum.

... nýlegar spár benda hins vegar til breytinga til hins verra ...

... ný spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að hagkerfið verði um 21 milljarði minna ...

... svigrúm ætti að vera til staðar í ríkisrekstrinum til að mæta þessum forsendubresti ...

GRUNNFORSENDUR FJÁRLAGA VEIKBURÐA

Það auðveldar ekki verkefni stjórnvalda að ákveðnar grunnforsendur fjárlagafrumvarpsins hafa tekið verulegum breytingum frá þeim tíma er frumvarpið var lagt fram. Aðlögunarþörf frumvarpsins byggir á nokkrum veigamiklum forsendum og skipta spár um einkaneyslu, fjárfestingu og hagvöxt þar miklu. Spá Hagstofunnar frá því í júní síðastliðnum er lögð til grundvallar frumvarpinu, en í henni var gert ráð fyrir 3,2% hagvexti á næsta ári. Þá var jafnframt gert ráð fyrir því að fjárfesting myndu aukast um 25% og einkaneysla um 3,4%. Það er mikið undir fyrir ríkissjóð að þessar spár gangi eftir þar sem hvert viðbótarstig hagvaxtar léttir á aðlögunarþrýstingnum. Þetta kom skýrt í ljós í fyrra þegar hagkerfið reyndist töluvert stærra en spár gerðu ráð fyrir.

Þessi staðreynd á jafnframt drjúgan þátt í því að staða ríkissjóðs er hagfelldari nú í ár en gert var ráð fyrir í fyrstu áætlunum eftir bankahrunið. Nýlegar spár Seðlabankans og OECD um hagþróun næstu missera benda hins vegar til breytinga til hins verra. Seðlabankinn gerir t.a.m. ráð fyrir því í nóvemberspá sinni að frekari bið verði á hagvexti og telur bankinn að vöxtur hagkerfisins muni eingöngu mælast 2,2% á næsta ári. Auk þess gerir bankinn ráð fyrir að aukning fjárfestingar nemi um 8% og einkaneysla 3,5%. AGS tekur í sama streng í nýlegum yfirlýsingum og telur OECD að hagvöxtur verði aðeins 1,5% á tímabilinu.

MINNI HAGVÖXTUR DREGUR ÚR TEKJUM

Ný spá Hagstofunnar slær á sömu strengi en hún gerir ráð fyrir 1,9% hagvexti á næsta ári. Samkvæmt því verður hagkerfið um 21 milljarði minna að umfangi en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Ef miðað er við svipað hlutfall skatttekna af landsframleiðslu og verið hefur undanfarin 10 – 15 ár þá má ætla að 7 milljarða skarð myndist í tekjum ríkisins vegna þessa. Það slagar hátt í heildartekjuöflun næsta árs að undanskildum áhrifum af áframhaldandi útgreiðslu séreignarsparnaðar eða sem nemur helmingnum af áætluðum niðurskurði í grunnrekstri ríkissjóðs.

Þær grunnforsendur sem aðlögunarþörf næsta árs byggði á eru samkvæmt þessu svo veikar að huga verður að frekari niðurskurði útgjalda eigi markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum að nást á tilsettum tíma. Horfur á lægra atvinnuleysi og minni verðbólgu í uppfærðri spá Hagstofunnar munu þó koma til með að lækka útgjaldapörfina, en ólíklegt er að sú lækkun nái að brúa það bil sem svartari hagvaxtarhorfur skapa.

ÚTGJALDALIÐIR UNDANSKILDIR AÐHALDI

Svigrúm ætti hins vegar að vera til staðar í ríkisrekstrinum til að mæta þessum forsendubresti með skilvirkari meðferð á útgjöldum hins opinbera. Þá er unnt að endurskoða þjónustuframboð hins opinbera, sem hefur aukist undanfarin ár umfram það sem ástæða er til. Millifærslur til ósamkeppnishæfra atvinnuvega, fjármögnun gæluverkefna, fjárframlög til sérhagsmuna og atvinnurekstur eru jafnframt þættir sem ætti að taka út úr rekstri hins opinbera. Stjórnvöld geta þannig staðið vörð um almenna velferð, þrátt fyrir tiltekt í ríkisfjármálum, með því einfalda viðmiði að auka skilvirkni, endurskilgreina þjónustuframboð sitt og eyða út framlögum sem þjóna sérhagsmunum fremur en almannahagsmunum.

... rúmt svigrúm til ýmissa
lítt skilgreindra verkefna á
vegum ráðuneyta ...

... fyrirkomulag lífeyriskjara
opinberra starfsmanna hefur
reynst ríkissjóði afar
kostnaðarsamt ...

... það er fagnaðarefni að
útgjöld allra málaflokka
voru innan áætlana á
tímabilinu ...

Má í því samhengi m.a. nefna framlög til stjórn málaflokka uppá 357 milljónir í fjárlögum næsta árs, ráðstöfunarrétt ráðherra uppá 44 milljónir og rúmt svigrúm til ýmissa lítt skilgreindra verkefna á vegum ráðuneyta sem nema tugum milljóna. Þetta eru táknrænir útgjaldaliðir og ljóst að breytingar á þeim myndu endurspegla faglegt viðhorf stjórnvalda án þess að skerða velferð. Þá eru aðrir áberandi kostnaðarliðir, á borð við landbúnaðarstyrki, sem stækka á milli fjárlaga og enn aðrir sem eiga takmarkaðan rétt á sér haldast inni þó eitthvað sé dregið úr, t.a.m. framlög til hagsmunasamtaka.

SVIGRÚM TIL HAGRÆÐINGAR

Auk þessa er ljóst að fyrirkomulag lífeyriskjara opinberra starfsmanna, sem eru langt umfram þau sem eru í gildi á almennum vinnumarkaði, hefur reynst ríkissjóði afar kostnaðarsamt. Frá árinu 2000 hafa að meðaltali verið gjaldfærðir 19 milljarðar¹ á ári í rekstri ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga. Árið 2008 nam heildargreiðslan 41,5 milljörðum eða þreföldum niðurskurði í grunnrekstri ríkisins á næsta ári. Að lokum má nefna að ná má talsverðri hagræðingu með því að fækka ráðuneytum niður í sjö og opinberum starfsmönnum samhliða. Opinberum starfsmönnum hefur fjölgað verulega á síðustu 5-10 árum, umfram fjölgun á almennum vinnumarkaði, og er launakostnaður ríkissjóðs meðal stærstu útgjaldaliða fjárlaga, eða sem nemur um fjórðungi.

Í ljósi þess að svigrúmið var til staðar áður en haldið var af stað með fjárlögin er við hæfi að huga að þeim sjónarmiðum er lágu til grundvallar forgangsriðun útgjalda næsta árs. Því miður er ekki raunhæft að undanskilja heilbrigðiskerfið, enda næst stærsti útgjaldaliður ríkisrekstrarins og vafalaust rými til að auka skilvirkni þar eins og annars staðar. Það högg sem varð, og er umtalsvert víðast hvar á landsbyggðinni og jafnvel harkalegra en forsendur eru fyrir, hefði þó mátt dempa með því að skoða nánar þá útgjaldaliði sem eru nefndir hér að ofan. Það var ekki gert og nú liggur fyrir að verið er að endurskoða áætlaðan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu sem hætt er við að dragi úr heildarniðurskurði útgjalda, sem þó er brýn þörf á. Það væri ekki til framfara ef niðurstöður slíkra endurskoðana fælu í sér réttlætningar fyrir frekari skattahækkunum.

UPPSAFNADAR FJÁRHEIMILDIR STANDA UNDIR HAGRÆÐINGARKRÖFU

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir fjárlagafrumvarpi næsta árs fjallaði hann m.a. um að útgjaldamarkmið árið 2009 hefðu gengið fyllilega eftir og voru þau jafnvel nokkuð undir áætlun. Þegar litið er til greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrstu níu mánuði þessa árs má sjá að áframhald virðist ætla að verða þar á, en útgjöld allra málaflokka voru innan áætlana á tímabilinu og stefna að því að verða innan heimilda ársins 2010. Þetta er fagnaðarefni enda fágætt að slíkur árangur náist á útgjaldahlið ríkissjóðs.

Það má hins vegar velta því upp hvort þessi árangur eigi sér aðrar skýringar en samhent og skilvirk framkvæmd aðhaldskröfunnar. Í nýlegri könnun Capacent kemur fram að um síðustu áramót hafi tveir þriðju hluti stofnana átt ónýttar fjárheimildir frá fyrri árum. Hátt í 20% þeirra gátu mætt hagræðingarkröfu í fjárlögum þessa árs að mestu leyti með notkun slíkra heimilda og önnur

1 á verðlagi ársins 2008

... 84% töldu líklegt að hagræðingarkrafa þessa árs næðist ...

... umfang ónýttar fjárheimilda virðist hafa átt drjúgan þátt í árangri sem hefur náðst á útgjaldahliðinni ...

... færa mætti rök fyrir því að núverandi stefna gangi út á að þreyja þorrann ...

... breyttar forsendur kalla á að skorið verði frekar niður, t.a.m. þegar þensla ríkir ...

20% gátu nýtt heimildirnar til að mæta 25-75% af kröfunni. Það er því ekki óeðlilegt að 84% töldu líklegt að hagræðingarkrafa þessa árs næðist. Auk þess taldi ríflega þriðjungur stofnana að þær myndu eiga fjárheimildir nú í árslok til að nýta á móti hagræðingarkröfu næsta árs.

Sé litið til ríkisreiknings ársins 2009 þá voru fluttar yfir uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára að fjárhæð 22 milljarðar það árið á meðan aðhaldsaðgerðir í rekstri voru um 13 milljarðar, eins og nefnt var að ofan. Óljóst er hve mikið af þeim heimildum var nýtt á síðasta ári og þá hve miklar heimildir voru færðar yfir til þessa árs. Hvort sem þær heimildir hafi verið eða verði nýttar í ár þá er í öllu falli erfitt að sjá að um eiginlega tiltekt í rekstri ríkisins sé að ræða í þeim tilvikum þegar fjármagn utan fjárheimilda fjárlaga hvers árs er notað til að mæta hagræðingarkröfu fjárlag, líkt og fyrrnefnd könnun Capacent gefur vísbendingar um.

Umfang ónýttar fjárheimilda ár eftir ár, sem eru að hluta merki um uppsafnaða sóun í kerfinu, virðist samkvæmt þessu hafa átt drjúgan þátt í þeim árangri sem hefur náðst á útgjaldahlið ríkissjóðs síðustu misseri. Sé það reyndin setur það aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði og viðbrögð við þeim í annað ljós, sér í lagi þar sem þær hafa aðeins að hluta falið í sér eiginlega hagræðingu í rekstri, líkt og nefnt var hér að ofan.

Samkvæmt þessu mætti færa fyrir því rök að núverandi stefna stjórnvalda gangi út á þreyja þorrann, með því að fresta útgjöldum, nýta uppsafnaðar fjárheimildir, ganga hart að skattstofnum og vonast til að almennti markaðurinn geti borið byrðarnar á meðan niðursveiflan varir, í stað þess að ráðast í gagngerar betrubætur á ríkisrekstrinum.

MIKILVÆGT FRAMFARASKREF Í FRUMVARPINU

Þó meginatriði fjárlagafrumvarpsins séu þess efnis að þau þurfi að taka til endurskoðunar eru þar einnig mikilvæg skref til framfara. Má þar einna helst nefna þau áform stjórnvalda að innleiða fyrir árin 2011 og 2012 bindandi útgjaldaramma sem byggja á nafnvexti. Fjölmargir aðilar, bæði hér og erlendis, hafa lagt til að stjórnvöld skoði þessa leið en hún er almennt talin vera lykilþáttur í því að auka trúverðugleika stefnu í ríkisfjármálum.

Í stuttu máli fela bindandi útgjaldarammar í sér að útgjöld ríkissjóðs taka ekki breytingum eftir vindum hverju sinni. Þannig uppfærast fjárlögin t.a.m. ekki ár hvert miðað við verðlagsbreytingar umfram áætlanir eins og nú er. Þess í stað kalla breyttar forsendur á að skorið verði frekar niður, t.a.m. þegar þensla ríkir. Því má segja að með þessu sé verið að byggja inn í útgjaldahlið ríkissjóðs sjálfkrafa sveiflujöfnun, sem styður jafnframt við peningamálastefnu Seðlabankans.

1/4 UNDANSKILIN ÚTGJALDARAMMA

Samfara þessu mikilvæga framfaraskrefi hefur hins vegar verið ákveðið, skv. fjárlagafrumvarpinu, að undaskilja stóran hluta af útgjöldum ríkisins umræddum römmum og er það miður. Þeir málaflokkar nema um 130 milljörðum á ári næstu 4 árin eða um fjórðungi af heildarútgjöldum hvers árs. Þá er jafnframt gerður fyrirvari við að frávik frá verðlagsforsendum verði

... þessi frávik draga verulega úr framlagi bindandi útgjaldaramma til aukins trúverðugleika ...

að vera innan við 1,5% annars geti útgjaldabættir komið til skoðunar. Auk þess er gert ráð fyrir stofnun 5 milljarða varasjóðs til að mæta óvæntum útgjöldum. Er það álit Viðskiptaráðs að þessi frávik dragi verulega úr framlagi bindandi útgjaldaramma til aukins trúverðugleika ríkisfjármálastefnunnar.

Orð eru þó til alls fyrst og því væri ráð að rammarnir yrðu útfærðir nánar og látnir gilda jafnframt um árin 2013 og 2014. Þá leggur ráðið ennfremur til að:

- » núllgrunnsfjárlagagerð verði hafin hið fyrsta, þar sem fjárbörf ríkisins er metin frá grunni.
- » uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára verði felldar niður í heild sinni á grunni niðurstaðna núllgrunnsfjárlagerðarinnar, enda til þess fallnar að draga úr gagnsæi ríkisfjármálastefnunnar. Sé ekki vilji til þess þá þarf að upplýsa um það í fjárlögum hvers árs hversu miklar heimildir frá fyrri árum hver stofnun hefur umráð yfir.
- » fjárlagagerðin taki, í ljósi breyttra forsendna fjárlagafrumvarpsins, mið af þremur spágerðum. Þannig yrði gefin út bæði bjartsýn og svartsýn spá samhliða meðalspá. Ef frávik verða frá þeirri meðaltalsspá sem frumvarpið byggir á þá verði gerð grein fyrir því í frumvarpinu sjálfu hvaða aðgerða ætlunin sé að grípa til á tekju- og útgjaldahlið ríkissjóðs.

... ríkisfjármálin eru þungamiðjan í endurreisn hagkerfisins ...

VÖXTUR VARÐAR LEIÐINA

Ríkisfjármálin eru þungamiðjan í endurreisn hagkerfisins. Ef stjórnvöld ná á trúverðugan hátt að snúa við taflinu í rekstri ríkissjóðs, og leysa þannig aðsteðjandi skuldavanda, munu aðrir grunnþættir endurreisnarinnar fylgja í kjölfarið. Þannig má styðja við lánshæfismat ríkissjóðs og annarra stofnana samfélagsins, stuðla að auknum trúverðugleika gjaldmiðilsins og styrkingu hans, ýta undir fjármagnsflæði til landsins og styrkja grundvöll atvinnustarfsemi. Allt dregur þetta úr áhættumati og vaxtakostnaði landsins og stuðlar að enn frekari bata hagkerfisins

... hin megináherslan í stefnu stjórnvalda ætti að lúta að því að efla hagvöxt ...

Þá er nauðsynlegt að jafnvægi ríki á milli stærðar hins opinbera og einkageirans. Riðlist þetta jafnvægi er erfitt að sjá hvaða tekjur eigi að standa undir rekstri hins opinbera til lengri tíma. Umsvif hins opinbera hafa vaxið hröðum skrefum á undanförunum áratugum. Það er því lykilatriði að í langtímastefnu stjórnvalda sé áhersla á að draga úr útgjöldum sem hlutfalli af landsframleiðslu. Hin megináherslan í stefnu stjórnvalda ætti að lúta að því að efla hagvöxt til skemmri og lengri tíma, með því að styrkja umhverfi fjárfestinga og atvinnureksturs. Slík nálgun er forsenda þess að verja sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar sem m.a. liggja í öfluglu og hagkvæmu velferðarkerfi.

Ef marka má umfjöllun greinargerðar fjárlagafrumvarpsins þá eru stjórnvöld sama sinnis en þar segir m.a. „Hagvöxtur sem leiðir af traustum og arðbærum fjárfestingum og batnandi rekstrarskilyrðum atvinnulífsins er ein meginforsendan fyrir því að það takist að ná jafnvægi í fjármálum ríkisins á næstu árum. Markmiðið er sjálfbær vöxtur hagkerfisins, byggður á raunverulegri verðmætasköpun en ekki skuldsetningu og sem leiðir ekki til

**... nú þurfa aðgerðir
stjórnvalda að samræmast
þessum áherslum ...**

Þess að efnahagslegt jafnvægi raskist. Þannig eflist tekjugrunnur ríkissjóðs og sveitarfélaga, þörfin fyrir aðhald og niðurskurð á útgjaldahlið verður minni og í framhaldinu verður hægt að hefja uppgreiðslu skulda og snúa vörn í sókn í velferðarmálum“.

Það er litlu við þetta að bæta öðru en því að nú þurfa aðgerðir stjórnvalda að samræmast þessum áherslum.

Nánari upplýsingar veita Haraldur I. Birgisson aðstoðarframkvæmdastjóri VÍ og Björn Þór Arnarson hagfræðingur VÍ í síma 510-7100.

Nánari upplýsingar um tillögur VÍ í ríkisfjármálum má finna í skýrslum VÍ:

- » Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur (2008)
- » Fjármál hins opinbera: aðrar leiðir færar (2009)
- » Skattkerfi atvinnulífsins: fjárfesting, atvinna, lífskjör (2010)

Smellið hér fyrir fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs